

Umhverfis- og skipulagsráð

Ár 2017, miðvikudaginn 22. mars kl. 9.15, var haldinn 185. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð. Kerhólar. Viðstaddir voru: Hjálmar Sveinsson, Magnea Guðmundsdóttir, Torfi Hjartarson, Halldór Halldórsson, Áslaug María Friðriksdóttir, Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir og Sigurborg Ó Haraldsdóttir áheyrnarfulltrúi. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Örn Sigurðsson, Björn Axelsson, Nikulás Úlfar Músson, Þorsteinn Hermannsson, Hrefna Þórsdóttir og Marta Grettisdóttir.

Fundarritari er Harri Ormarsson.

Dagskrá:

(E) Umhverfis- og samgöngumál

1. Borgarlínan, Hágæðakerfi almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu Mál nr. US160262

Nýtt hágæðakerfi almenningssamgangna.
Stöðukynning, leiðaval

Kl. 9:25 tekur Sverrir Bollason sæti á fundinum.

Hrafnkell Proppé svæðisskipulagsstjóri og Lilja Guðríður Karlsdóttir kynna

2. Hjólreiðaáætlun, Rafmagnsreiðhjól til útláns í Reykjavík- tilraunaverkefni Mál nr. US170126

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagsviðs, samgöngustjóra dags. 17. mars 2017 varðandi rafmagnsreiðhjól til útláns í Reykjavík.
Samþykkt

3. Ársskýrsla meindýravarna, ársskýrsla 2016 Mál nr. US170099

Lögð fram og kynnt ársskýrsla meindýravarna 2016.
Guðmundur Þ. Björnsson rekstrarstjóri meindýravarna kynnir.

4. Elliðaárvogur, landfylling Mál nr. US150097

Lagt fram álit Skipulagsstofnunar, dags. 17. mars 2017, vegna landfyllinga í Elliðaárvogi skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum.
Fulltrúi Mannvits Rúnar Dýrmundur Bjarnason kynnir

5. Arnarbakki, gangbraut (USK2017030040) Mál nr. US170115

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 14. mars 2017, þar sem lagt er til að sett verði gangbraut á Arnarbakka í beygju NV Breiðholtsskóla með vísan til 81. gr. umferðarlaga.
Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins sbr. 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

6. Samningur um innheimtu, Mál nr. US170094

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 10. mars 2017, ásamt samningi bílastæðasjóðs og lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu 23. febrúar

2017, um innheimtu og úrvinnslu vegna stöðvunarbrotagjalda Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur.
Samþykkt.
Vísað til borgarráðs.

Kolbrún Jónatansdóttir framkv.stj. tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

7. Ný gjaldskyld bílastæði, hluti bílastæða á lóð Domus Medica verði gerð gjaldskyld Mál nr. US170090

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 9. mars 2017, þar sem lagt er til að hluti bílastæða á lóð Domus Medica að Egilsgötu 3 verði gerð gjaldskyld. Einnig er lagt fram bréf Domus medica, dags. 23. febrúar 2017.
Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins sbr. 2. mgr. 81.gr. umferðarlaga nr. 50/1987.
Vísað til borgarráðs.

Kolbrún Jónatansdóttir framkv.stj. tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

8. Ný gjaldskyld bílastæði, við Hólavallagötu og Hávallagötu milli Garðastrætis og Blómvallagötu Mál nr. US170091

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 9. mars 2017, þar sem lagt er til að almenn bílastæði við Hólavallagötu og Hávallagötu milli Garðastrætis og Blómvallagötu verði gerð gjaldskyld.
Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins sbr. 2. mgr. 81.gr. umferðarlaga nr. 50/1987.
Vísað til borgarráðs.

Kolbrún Jónatansdóttir framkv.stj. tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Torfi Hjartarson vísar af fundi undir þessum lið.

9. Aðgerðaáætlun um meðhöndlun úrgangs, kynning Mál nr. US170106

Kynnt staða og næstu skref varðandi aðgerðaáætlun um meðhöndlun úrgangs.
Kynnt.

Eygerður Margrétardóttir deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

10. Hreyfikort fyrir aldraða, kynning Mál nr. US170100

Kynning á vinnu og drögum að hreyfikorti fyrir aldraða.
Kynnt.

Þórólfur Jónsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(A) Skipulagsmál

11. Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerð Mál nr. SN010070

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, dags. 17. mars 2017.

12. Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, Mál nr. SN170031

Ellidaárdalur-hjólastígur, breyting á
aðalskipulagi

Að lokinni kynningu er lögð fram að nýju verklýsing umhverfis- og skipulagssviðs, dags. janúar 2017, vegna breytinga á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 sem felst í að reiðstígur er aflagður milli Sprengisands og stíflu í Elliðaárdal og nýr hjólastígur kemur í stað reiðstígsins. Kynning stóð til og með 17. febrúar 2017. Einnig er lögð fram umsögn Skipulagsstofnunar, dags. 8. febrúar 2017 og umsögn samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, dags. 16. febrúar 2017. Einnig barst umsögn/athugasemd Hestamannafélagsins Fáks, dags. 24. febrúar 2017. Lögð fram drög að nýrri verklýsingu sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga, dags. 1. mars 2017.

Samþykkt til kynningar sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Kynningin verður aðgengileg á vef umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur

Vísað til borgarráðs

Haraldur Sigurðsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið

13. Miðborgin, landnotkunarheimildir á
svæði M1a, aðalskipulagsbreyting,
landnotkunarheimildir í miðborg
Reykjavíkur

Mál nr. US150197

Að lokinni kynningu er lögð fram að nýju verklýsing umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 1. febrúar 2016, vegna breytingar á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 sem felst í starfsemi við götuhliðar, markmið um virkar götuhliðar, skilgreiningu landnotkunar og sérákvæði um starfsemi, göngugötur og torg og almenn markmið um miðborgina. Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 31. október 2016 að breytingu á landnotkunariskilmálum á svæði M1a sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Kynning stóð til og með 30. nóvember 2016. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir/ábendingar: Arna Grímsdóttir, f.h. Reitir, dags. 28. nóvember 2016, Garðar Hannes Friðjónsson f.h. Eikar fasteignafélags, dags. 29. nóvember 2016 og Gunnar Valur Sveinsson f.h. samtaka ferðaþjónustunnar, dags. 5. desember 2016. Einnig er lögð fram umsögn Svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins, dags. 29. nóvember 2016, umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, dags. 30. nóvember 2016 og bókun skipulagsnefndar Mosfellsbæjar frá 29. nóvember 2016. Einnig er lögð fram athugasemd frá: Óttari Yngvasyni f.h. eigenda Skólastræti 3 og 3B, dags. 14. mars 2017, Málflutningastofu Reykjavíkur f.h. Þingvangs ehf., dags. 14. mars 2017 og Málflutningastofu Reykjavíkur f.h. Miðbæjarfélagsins, dags. 15. mars 2017. Erindinu var vísað til umsagnar deildarstjóra aðalskipulags Reykjavíkur og er nú lagt fram að nýju ásamt tillögu að breytingu á aðalskipulagi, breyting á landnotkunariskilmálum miðborgarkjarna (M1A), dags. 20. mars 2017 til auglýsingar samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt að auglýsa tillögu samkvæmt 1. mgr. 36. gr. sbr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs

Haraldur Sigurðsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið

14. Aðalskipulag Reykjavíkur,
Norðlingaholt, breyting á aðalskipulagi

(04.79)

Mál nr. SN160726

Að lokinni kynningu er lögð fram að nýju drög að tillögu umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 1. september 2016, að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 vegna Norðlingaholts. Í tillögunni felst breytt landnotkun úr athafnasvæði (AT3) í íbúðarbyggð (ÍB47), fjölgun íbúða og skilgreining nýs byggingarreits íbúðarhúsnæðis. Einnig er lögð fram bókun

skipulagsnefndar Mosfellsbæjar frá 18. október 2016 og bókun Bláskógabyggðar, 7. nóvember 2016.

Ennfremur lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, dags. í mars 2017, að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 vegna Norðlingaholts til auglýsingar samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt að auglýsa tillögu samkvæmt 1. mgr. 36. gr. sbr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs

Haraldur Sigurðsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið

15. Hverfisskipulag, Árbær 7.2 Árbær, (07.2) Mál nr. SN170241
skilmálar fyrir núverandi íbúðabyggð

Kynnt forgangsöröðun í vinnu við hverfisskipulag Árbæjar út frá samráði við íbúa í Árbæ. Einnig kynnt drög að skilmálum fyrir núverandi íbúðabyggð í Árbæ.

Kynnt.

Ævar Harðarson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

16. Hverfisskipulag, Árbær 7.4 (07.4) Mál nr. SN170242
Norðlingaholt,

Kynnt vinna við hverfisskipulag Árbæjar, Norðlingaholt.

Kynnt.

Ævar Harðarson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(B) Byggingarmál

17. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa, Mál nr. BN045423
fundargerð

Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 916 frá 21. mars 2017.

(C) Fyrirspurnir

18. Frumvarp til laga um breytingu á lögum Mál nr. US170116
um verslun með áfengi,
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Kynnt frumdrög að endurbættri umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 15. mars 2017, vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi.

Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 15. mars 2017 samþykkt

Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina Guðfinna J. Guðmundsdóttir situr hjá við afreiðslu málsins .

Fulltrúi Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs Torfi Hjartarson situr hjá við afgreiðslu málsins og bókar.

“Reykjavík er í fararbroddi íslenskra sveitarfélaga í sókn til betra skipulags með baráttu gegn loftslagsbreytingum og gott mannlíf að leiðarljósi. Með heppilegri staðsetningu áfengisverslana á vegum almannavaldsins og jafnvel mögulegri fjölgun verslana þar sem við á má spara aukaferðir í vinnubúðina og stuðla að bættu innkaupa- og ferðamynstri borgarbúa. Þetta er háð markvissri stefnu í

skipulagi borgarinnar og góðu samstarfi við ríkisvaldið og kallar ekki á breytt rekstrarform við sölu áfengis. Þá verður að telja líklegt að sala áfengis í matvöruverslunum, með öllu sem henni fylgir, auki ekki aðeins neyslu á áfengi og grafi undan góðum árangri í áfengisvörnum heldur styrki enn frekar stöðu stórverslana á jaðarsvæðum sem draga að sér viðskiptavinum á bílum um langan veg á kostnað smærri verslana inni í kjörnum hverfa. Almenn og mikilvæg lýðheilsusjónarmið styðja óbreytt rekstrarform við sölu á áfengi enda eru þorri umsagnaraðila og meirihluti þjóðarinnar andsnúin frumvarpi um áfengi í búðir."

Vísað til borgaráðs.

19. Fyrirspurn fulltrúa Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs, hlutfall íbúðauppbyggingar Mál nr. US170070

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 22. febrúar 2017 var lögð fram eftirfarandi fyrirspurn fulltrúa Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs Gísla Garðarssonar: Samkvæmt skýrslu um framfylgd Aðalskipulags Reykjavíkur 2010 - 2030 frá því í desember 2016 er áætlað að hlutfall íbúðauppbyggingar hjá húsnaðisfélögum hafi verið 35% 2014-5, sé 39% 2016-7 og muni vera 46% 2018-9. Spurt er hvort eingöngu sé hér um að ræða húsnaðisfélög sem rekin eru án hagnaðarsjónarmiða (e. non-profit). Ef svo er ekki, hve mikill hluti uppbyggingarinnar er á könnu húsnaðisfélaga án hagnaðarsjónarmiða? Einnig er lagt fram svar deildarstjóra aðalskipulags, dags. 17. mars 2017.

20. Betri Reykjavík, leiktæki í Laugardalinn (USK2017030018) Mál nr. US170119
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið "leiktæki í Laugardalinn" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 8. mars 2017. Erindið var efsta hugmynd febrúarmánaðar á samráðsvefnum og kemur úr málaflokknum framkvæmdir. Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds.

21. Betri Reykjavík, endurbætur á skólalóð Selásskóla (USK2017030020) Mál nr. US170121
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið "endurbætur á skólalóð Selásskóla" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 8. mars 2017. Erindið var þriðja efsta hugmynd febrúarmánaðar á samráðsvefnum og kemur úr málaflokknum framkvæmdir. Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds.

22. Betri Reykjavík, velkomin í Breiðholt - skilti (USK2017030021) Mál nr. US170122
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið "velkomin í Breiðholt - skilti" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 8. mars 2017. Erindið var fimmta efsta hugmynd febrúarmánaðar á samráðsvefnum og kemur úr málaflokknum framkvæmdir. Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, byggingarfulltrúa.

23. Betri Reykjavík, bæta við tengingu yfir á Korputorg (USK2017030022) Mál nr. US170123

530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið "bæta við tengingu yfir á Korputorg" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 8. mars 2017. Erindið var efsta hugmynd febrúarmánaðar í málaflokknum samgöngur á samráðsvefnum.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra.

24. Betri Reykjavík, ný gönguleið inn í Laugardalinn (USK2017030023) Mál nr. US170124
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið "ný gönguleið inn í Laugardalinn" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 8. mars 2017. Erindið var þriðja efsta hugmynd febrúarmánaðar á samráðsvefnum og kemur úr málaflokknum umhverfismál.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða.

25. Betri Reykjavík, sumarskáli í Hljómskálagarðinn Pavillion (USK2017030019) Mál nr. US170120
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið "sumarskáli í Hljómskálagarðinn Pavillion" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 8. mars 2017. Erindið var önnur efsta hugmynd febrúarmánaðar á samráðsvefnum og kemur úr málaflokknum umhverfismál.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða.

26. Betri Reykjavík, göngustígur (USK2017030024) Mál nr. US170125
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið "göngustígur" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 8. mars 2017. Erindið var efsta hugmynd febrúarmánaðar í málaflokknum skipulag á samráðsvefnum.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa.

27. Tunguháls 17, kæra 31/2017 (04.327.0) Mál nr. SN170236
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 14. mars 2017 ásamt kærnu þar sem kærð er ákvörðun byggingarfulltrúa frá 15. febrúar 2017 um að fjarlægja skuli bílastæði af lóðinni Tunguháls 17.

Vísað til umsagnar skrifstofu sviðsstjóra.

28. Grensásvegur 16a og Síðumúli 37-39, (01.295.4) Mál nr. SN170237
kæra 32/2017
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 16. mars 2017, ásamt kærnu þar sem kært er deiliskipulag og framkvæmdaleyfi fyrir Grensásveg 16A og Síðumúla 37-39. Í kærinni er gerð krafa um stöðvun framkvæmda til bráðabirgða.

Vísað til umsagnar skrifstofu sviðsstjóra.

29. Flókagata 67, kæra 72/2015, umsögn, (01.270.0) Mál nr. SN150528
úrskurður
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 4. september 2015 ásamt kæru, þar sem kærð er synjun á byggingarleyfi vegna lóðar nr. 67 við Flókagötu. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu sviðstjóra, dags. 11. október 2015. Lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 16. mars 2017. Úrskurðarorð: Hafnað er kröfu kæranda.

30. Hlíðarendi 2, breyting á deiliskipulagi (01.629.8) Mál nr. SN160971
491299-2239 Valsmenn hf., Laufásvegi Hlíðarenda, 101 Reykjavík
501193-2409 ALARK arkitektar ehf, Dalvegi 18, 201 Kópavogur

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 9. mars 2017 um samþykki borgarstjórnar dags. 7. mars 2017 varðandi breytingu á deiliskipulagi Hlíðarenda vegna lóðarinnar nr. 2 við Hlíðarenda. Í breytingunni felst breyting á byggingarreit og aukning á byggingarmagni á reit A.

31. Hlíðarendi 20-26, breyting á (01.629.6) Mál nr. SN170068
deiliskipulagi Hlíðarenda
500191-1049 Arkþing ehf., Bolholti 8, 105 Reykjavík
610716-1480 Frostaskjól ehf., Smáratorgi 3, 201 Kópavogur

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 9. mars 2017 um samþykki borgarstjórnar dags. 7. mars 2017 varðandi breytingu á deiliskipulagi Hlíðarenda vegna fjölgunar íbúða á lóð nr. 20-26 við Hlíðarenda.

32. Kennaraháskóli Íslands, reitur 1.254, (01.27) Mál nr. SN170081
breyting á deiliskipulagi

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 9. mars 2017 um samþykkir borgarráðs s.d. varðandi deiliskipulag fyrir reit 1.254, Kennaraháskólinn í Reykjavík. Í tillögunni felst uppbygging á hluta núv. lóðar Kennaraháskóla Íslands fyrir byggingu 60 íbúða fyrir eldri borgara og allt að 100 íbúða fyrir námsmenn. Auk þess sem skilgreindar verða upp á nýtt byggingarheimildir fyrir lóð Kennaraháskóla Íslands.

33. Lokastígur 28A, breyting á aðalskipulagi (01.181.3) Mál nr. SN170061
Reykjavíkur 2010-2030
080489-2429 Haukur Björgvinsson, Stakkholt 4a, 105 Reykjavík

Lagt fram bréf borgartjóra dags. 9. mars 2017 um samþykki borgarráðs s.d. varðandi synjun umhverfis- og skipulagsráðs varðandi breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 vegna lóðarinnar nr. 28A við Lokastíg.

34. Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Mál nr. US170127
Hleðsluaðsta fyrir rafbíla

Lögð fram eftirfarandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins Halldórs Halldórassonar og Áslaugar Maríu Friðriksdóttur
„Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir að hefja undirbúning þess að skipulag á nýjum lóðum í borginni taki mið af því að íbúar þurfi að geta hlaðið rafbíla og hjól. Sérstaklega þarf að huga að því hvernig með slíkt verður farið í fjölbýlishúsum.“
Frestað.

35. Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Mál nr. US170128
innleiða menningarstefnu inn í skipulag

Lögð fram eftirfarandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins Halldórs Halldórssonar og Áslaugar Maríu Friðriksdóttur
„Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir að skoða hvernig innleiða má menningarstefnu borgarinnar inn í skipulag með árangursríkari hætti en verið hefur. Skoða verði hvernig hægt er að draga einkenni hverfanna fram og hvort styrkja megi svæði ákveðnum ákveðnum menningarverkefnum. Þannig mætti til dæmis skipuleggja sérstök svæði tileinkuð tónlist eða hönnun og margt fleira í þeim dúr“.
Frestað.

Fundi slitið kl. 13.45

Hjálmar Sveinsson

Magnea Guðmundsdóttir
Torfi Hjartarson
Áslaug María Fríðriksdóttir

Sverrir Bollason
Halldór Halldórsson
Guðfinna J. Guðmundsdóttir.

Afgreiðsla byggingarfulltrúa samkv. samþykkt nr. 161/2005

Árið 2017, þriðjudaginn 21. mars kl. 10:12 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 916. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Sigrún Reynisdóttir, Nikulás Úlfar Másson, Olga Hrund Sverrisdóttir, Óskar Torfi Þorvaldsson, Harri Ormarsson, Jón Hafberg Björnsson og Sigríður Maack. Fundarritari var Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

1. Almennadalur 5 (05.865.701) 209396 Mál nr. BN052446
311250-2729 Heiðar P Breiðfjörð, Hjarðarhagi 58, 107 Reykjavík
190950-4849 Sveinbjörg Gunnarsdóttir, Hjarðarhagi 58, 107 Reykjavík
Sótt er um breytingu á áður samþykktu erindi BN044196 sem felst í að hluta af hestastíu á neðri hæð er breytt í kaffistofu, gerður er sér inngangur að efri hæð, eldhúskrókur á efri hæð færður og innveggjum breytt í húsi nr. 5 á lóð nr. 1-7 við Almennadal.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
2. Arnarbakki 1-3 (04.632.201) 111860 Mál nr. BN052549
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi þannig að mötuneytiseldhús er fært og stækkað í skóla á lóð nr. 1-3 við Arnarbakka.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
3. Austurbakki 2 (01.119.801) 209357 Mál nr. BN052169
590815-0980 Cambridge Plaza Hotel Comp ehf., Bergþórugötu 55, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN050485, um er að ræða stækkun tæknirýma í neðri kjallara, minni háttar breytingar á útliti og innra skipulagi allra hæða og stækkun 7. hæðar hótels á lóð nr. 2 við Austurbakka. Jafnframt er sótt um leyfi fyrir tröppum á reit nr. 7 á sömu lóð.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 24. febrúar 2017 fylgir erindinu, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. febrúar 2017.
Erindi fylgja greinargerðir um algilda hönnun dags. 22. desember 2016, um eldvarnir dags. 22. desember 2016, um hljóðvist dags. 14. desember 2016 og um hávaðadreifingu frá hafnarstarfsemi í Reykjavík dags. 1. september 2015.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 10. mars 2017 fylgir erindinu. Gjald kr. 10.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagesektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggir að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífir áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.

Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verður þinglýst eigi síðar en við fókheldi.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.

4. Austurbakki 2 (01.119.801) 209357 Mál nr.
BN052466
590815-0980 Cambridge Plaza Hotel Comp ehf., Bergþórugötu 55, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja 1. áfanga bílakjallara, mhl. 15, sem tengist bílakjallara Hörpu, sjá erindi BN050485 á lóð nr. 2 við Austurbakka.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísad til athugasemda á umsóknarblaði.
Leggja þarf fram uppdætti sem sýna fyrirkomulag bílakjallara frá Geirsgötu að núverandi bílakjallara Hörpu.
5. Ármúli 42 (01.295.104) 103836 Mál nr.
BN052553
661198-2819 Karmur ehf., Ármúla 42, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að koma fyrir lyftu í stigahúsi, hækka þak yfir lyftu, stækka anddyri og koma fyrir vindfangi ásamt því að byggja nýjan vegg milli stigahúss og herbergja á 2. og 3. hæð í húsi á lóð nr. 42 við Ármúla.
Stækkun: A-rými 5,0 ferm., x rúmm.
Frestað.
Vísad til athugasemda á umsóknarblaði.
6. Barónsstígur 18 (01.174.214) 101617 Mál nr.
BN052047
290478-4729 Yngvi Finndal Heimisson, Barónsstígur 18, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í því að stigi milli kjallara og 1. hæðar hefur verið fjarlægður og íbúð breytt í tvær gistiíbúðir í notkunarflokki 4 í húsi á lóð nr. 18 við Barónsstíg.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísad til athugasemda á umsóknarblaði.
7. Bergstaðastræti 52 (01.185.306) 102174 Mál nr.
BN052501
091144-4929 Hrefna Smith, Klapparstígur 1, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta brunavörnum í kjallara húss á lóð nr. 52 við Bergstaðastræti.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísad til athugasemda á umsóknarblaði.
8. Borgartún 28 (01.230.101) 102912 Mál nr.
BN052465

690612-0970 HEK ehf., Strandgötu 11, 220 Hafnarfjörður
Sótt er um breytingu á áður samþykktu erindi BN050166 sem felst í breytingu á burðarvirki og aðlögun innra skipulags að því ásamt lítilsháttar stækkun á 7. hæð, tilfærslu á innkeyrslu að bílakjallara og breytingu á utanhússklæðningu í húsi á lóð nr. 28A við Borgartún.
Stækkun A-rými 10,7 ferm., 143,2 rúmm.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

9. Borgartún 8-16A (01.220.105) 199350 Mál nr.
BN052552
681205-3220 HTO ehf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík
Sótt er um breytingar á áður samþykktu erindi BN035574 vegna lokaúttektar í húsi á lóð nr. 2 við Katrínartún.
Brunahönnunarskýrsla dags. 14.03.2017 fylgir erindi.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda eldvarnareftirlits á umsóknarblaði.

10. Bræðraborgarstígur 23A (01.137.002) 100634 Mál nr.
BN052469
140268-4029 Irma Jóhanna Erlingsdóttir, Bræðraborgarstíg 23a, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerði kjallaraíbúð og sótt er um að gera björgunarop í kjallara og rishæð, franskar svalir og breyta gluggum á kvisti í ris hæð á húsinu á lóð nr. 23A við Bræðraborgarstíg.
Þinglýst afsal dags. 15. júlí 1999 og virðingargjörð frá 12. apríl 1951 fylgir erindinu.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

11. Efstasund 65 (01.410.111) 104994 Mál nr.
BN052542
100282-5509 Stefán Róbert Steed, Efstasund 65, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að fjarlægja núverandi þak, byggja nýja þakhæð, endursteypa svalir ásamt minni breytingu á innra skipulagi í mhl. 01 ásamt því að hækka bílskúr, mhl. 02, í húsi á lóð nr. 65 við Efstasund.
Stækkun A-rými x ferm., x rúmm.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

12. Eirhöfði 2-4 (04.030.101) 110517 Mál nr.
BN052180
520402-2410 Vagneignir ehf., Vagnhöfða 23, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta áður samþykktu erindi BN051154, sem felst í uppfærslu á brunavörnum og breytingum á gluggaskipan hússins á lóð nr. 2-4 við Eirhöfða.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

13. Engjavegur 13 (01.392.001) 172992 Mál nr.
BN052483
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta áður samþykktu erindi BN051243 þannig að hurð milli veitingahúss og garðskála er breytt í rennihurð í Húsdýragarðinum á lóð nr. 13 við Engjaveg.

Gjald kr. 11.000

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

14. Eyjarslóð 11A (01.110.403) 100018 Mál nr.
BN052539

660695-2069 Olíudreifing ehf., Pósthólf 4230, 124 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta áður samþykktu erindi BN050850 þannig að hætt er við að koma fyrir snyrtingu í geymslu á 1. hæð í húsi á lóð nr. 11A við Eyjarslóð.

Gjald kr. 11.000

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.

15. Faxafen 12 (01.466.102) 195610 Mál nr.
BN052002

660814-0860 Mobility Flex ehf., Síðumúla 14, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að innrétta líkamsræktarstöð á 2. hæð, byggja millipall og setja hurð milli brunahólfa/eignarhluta fyrir flóttaleið ásamt því að setja skilti á austurhlið í húsi á lóð nr. 12 við Faxafen.

Stækkun: Milliloft 40,9 rúmm.

Gjald kr. 10.100

Frestað.

Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

16. Fiskislóð 31 (01.089.101) 209683 Mál nr.
BN052435

680708-0290 Sjávarbakkinn ehf., Suðurlandsbraut 4A, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta með því að stækka þakhæð, einnig er gerð grein fyrir áður gerðum breytingum sem eru millipallar í húsinu á lóð nr. 31 við Fiskislóð.

Stækkun er: 1.361,3 ferm., 1.573,9 rúmm.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

17. Fiskislóð 37B (01.086.501) 224291 Mál nr.
BN052515

481188-1219 Brimrún ehf., Hólmaslóð 4, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja staðsteypt 4. hæða skrifstofu- verslunar og lagerhúsnæði á lóð nr. 37B við Fiskislóð.

Skýrsla brunahönnuðar dags. 1 nóv. 2016 og varmatapsútreikningar dags. 21 nóv. 2016 fylgir erindinu.

Stærð hús: A rými 1. hæð 847,0 ferm., 3.248,0 rúmm. 2. hæð 576,9 ferm., 1.863,5 rúmm. 3. hæð 576,9 ferm., 1922,8 rúmm. 4. hæð 367,8 ferm., 1.315,0 ferm. Samtals. 2.368,6 ferm. Rúmm. samtals 8.523,4 rúmm. B rými 263,8 ferm og XX rúmm. Samtals A og B: 2.632,4 ferm og XX rúmm.

Gjald kr. 10.100

Frestað.

Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

18. Fiskislóð 53-69 (01.087.401) 100008 Mál nr.
BN052476

650614-0620 Kaffibrugghúsið ehf., Öldugötu 42, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN050790 þannig að einungis er sótt um innréttingu kaffibrennslu í húsi 57-59 á lóð nr. 53-69 við Fiskislóð.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlits á umsóknarblaði.

19. Flugvallarvegur 3-3A (01.751.201) 107467 Mál nr.
BN052554
531015-0960 Mjölur MMA ehf., Flugvallarvegi 3-3a, 105 Reykjavík
421007-2090 Keiluhöllin ehf., Pósthólf 8500, 128 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta áður samþykktu erindi BN052076 þannig að fækkað er leyfilegum gestafjölda í sölum 2 og 3, brunamerkingum breytt, áður gerð snyrting færð inn á teikningu skrifstofuálmú ásamt öðrum minni háttar breytingum á innra fyrirkomulagi í húsi á lóð nr. 3-3A við Flugvallarveg.
Greinagerð brunahönnuðar dags. 7. mars 2017 fylgir erindi.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
20. Fossaleynir 1 (02.456.101) 190899 Mál nr.
BN052523
521009-2170 Knaðthöllin ehf., Hagasmára 1, 201 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að byggja áfanga 6 sem er 2.300 ferm. íþróttahús úr forsteyptum samlokueiningum með sjónsteypuáferð staðsett austan við fimleikahús á suðurhlíð Egilshallar á lóð nr. 1 við Fossaleyni.
Stækkun mhl. 01A: A-rými 2.499,3 ferm., 23.491,0 rúmm.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
21. Fossaleynir 8 (02.467.201) 178762 Mál nr.
BN052532
510297-2109 Áltak ehf, Fossaleyni 8, 112 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta áður samþykktu erindi BN051102 þannig að mhl. 03 stækkar, skyggni minnkar, snyrting er færð til og kaffiðstöðu komið fyrir í nýbyggingu á lóð nr. 8 við Fossaleyni.
Stækkun nýbyggingar: XX ferm., XX rúmm.
Minnkun á B rými er: XX ferm., XX rúmm.,
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
22. Friggjarbrunnur 32 (05.053.304) 205957 Mál nr.
BN052533
170569-3269 Bjartmar Örn Arnarson, Gvendargeisli 42, 113 Reykjavík
511209-1530 Litla tré ehf., Gvendargeisla 42, 113 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta áður samþykktu erindi BN036790 þannig að innra skipulagi í kjallara er breytt með því að koma fyrir salerni og aðstöðu til eldunar og koma fyrir gluggum á suðaustur hlið kjallara og minnka pall á lóð nr. 32 við Friggjarbrunn.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
23. Friggjarbrunnur 51 (02.693.101) 205822 Mál nr.
BN052509

660696-2029 Bygg Ben ehf, Vesturlbr Fífilbrekku, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN049156, m.a. er sett inn kvöð um aðkeyrslu að lóðum nr. 47, 47A og 49, útfærslu svara 0404 breytt, innra skipulagi kjallara breytt og komið fyrir sorpgeymslu á lóð fjölbýlishúss nr. 51 við Friggjarbrunn.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

24. Grandagarður 16 (01.114.301) 100040 Mál nr.
BN052397

530269-7529 Faxaflóahafnir sf., Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta innra fyrirkomulagi í rými 0105 og innrétta skrifstofur ásamt veitingahúsi í flokki II - tegund c, auk breytinga á gluggum í húsi á lóð nr. 16 við Grandagarð.

Gjald kr. 11.000

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

25. Grettisgata 16 (01.182.110) 101826 Mál nr.
BN052498

240372-5769 Gunnhildur Ólafsdóttir, Þórsgata 5, 101 Reykjavík

130275-5409 Daði Ingólfsson, Þórsgata 5, 101 Reykjavík

200485-2119 Óttar Snædal Þorsteinsson, Grettisgata 16, 101 Reykjavík

Sótt er um breytingu á áður samþykktu erindi BN047840 sem felst í að hætt er við að byggja útigeymslu á þaksvölum vinnustofu í risi og þess í stað sótt um að breyta vinnustofu í íbúð sem yrði séreign í húsi á lóð nr. 16 við Grettisgötu.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

26. Heiðargerði 21 (01.801.102) 107610 Mál nr.
BN052390

240575-5749 Björn Brynjúlfsson, Heiðargerði 21, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingar vestan og sunnan einbýlishúss á lóð nr. 21 við Heiðargerði.

Stækkun: 28,1 ferm., 91 rúmm.

Gjald kr. 11.000

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

27. Hesthál 2-4 (04.323.001) 111033 Mál nr.
BN052499

490269-7039 Núi-Siríus hf., Hesthál 2-4, 110 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta mhl. 01, m.a. þannig að útihurð á bakhlið suðurhlíðar er fjarlægð, innra fyrirkomulagi og flóttaleiðum breytt í húsinu á lóð nr. 2-4 við Hesthál.

Minnisblað brunahönnuðar dags. 1. feb. 2017 fylgir erindinu

Gjald kr. 11.000

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

28. Hofteigur 32 (01.365.005) 104648 Mál nr.
BN052528
261289-3699 Juan Carlos Aguilar Mendoza, Hofteigur 32, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að fjarlægja burðarvegg í kjallara hússins á lóð nr. 32 við Hofteig.
Samþykki meðeiganda fylgir á teikningu.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
29. Holtavegur 6 (01.409.401) 104961 Mál nr.
BN052472
550903-4150 Festing ehf., Kjalarvogi 7-15, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innrétta 21 gistiherbergi fyrir 42 gesti á 2. hæð í húsinu á lóð nr. 6 við Holtaveg.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
30. Hólmaslóð 8 (01.110.501) 100019 Mál nr.
BN052506
660695-2069 Olíudreifing ehf., Pósthólf 4230, 124 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta 1. og 2. hæð, m. a. búnings og snyrtiaðstöðu starfsfólks, koma fyrir snyrtingu fyrir hreyfihamlaða, koma fyrir nýrri hurð á milli dæluverkstæðis og þvottaaðstöðu og á milli verkstjórnarrýmis og dæluverkstæðis ásamt því að breyta lagerrými á 2. hæð í skrifstofurými í húsi á lóð nr. 8 við Hólmaslóð.
Bréf frá hönnuði dags. 7. mars. 2017 og umsögn brunahönnuðar dags. 7. mars. 2017 fylgja erindi.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
31. Hverfisgata 35 (01.151.508) 101013 Mál nr.
BN052411
541215-0930 Hyalin vínbar ehf., Smáratorgi 3, 201 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að innrétta franska sælkeraverslun í rými 0101 við Hverfisgötu.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlits á umsóknarblaði.
32. Hverfisgata 85 (01.154.315) 101129 Mál nr.
BN052367
531006-3210 Rauðsvík ehf., Skúlagötu 30, 101 Reykjavík
Sótt er leyfi til að byggja 70 íbúða fjölbýlishús á 5 hæðum auk 2ja hæða bílakjallara á lóð nr. 85 við Hverfisgötu.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 24. febrúar 2017 fylgir erindinu, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. febrúar 2017.
Stærðir:
Mhl. 01: A-rými 8.695,8 ferm., 27.773,9 rúmm. B-rými 657,2 ferm., x rúmm.
Mhl. 02: A-rými 20,8 ferm., 85,2 rúmm.
Gjald 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

33. Hverfisgata 92 (01.174.007) 101563 Mál nr.
BN052439
531006-3210 Rauðsvík ehf., Skúlagötu 30, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja tvö fjölbýlishús, fjórar og fimm hæðir með 24 íbúðum og verslun á jarðhæð á sameiginlegum bílakjallara með 37 stæðum á lóð nr. 92 við Hverfisgötu.
Erindi fylgir greinargerð I vegna hljóðvistar frá Trivium dags. í febrúar 2017.
Stærð: 4.788,2 ferm., 15.965,2 rúmm.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
34. Kárástígur 13 (01.182.301) 101898 Mál nr.
BN051901
161268-4029 Þórir Helgi Bergsson, Kárástígur 13, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja rishæð ásamt tveimur nýjum anddyrum og svölum auk innanhússbreytinga í húsi á lóð nr. 13 við Kárástíg.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 11. nóvember 2016 fylgir erindinu.
Stækkun A-rými: 44,8 ferm., 126,4 rúmm.
Umsagnir Minjastofnunar dags. 15.11.2016, 13.12.2016, 18.01.2017 og 09.02.2017 fylgja erindi.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Lagfæra skráningu.
35. Kringlan 4-12 (01.721.001) 107287 Mál nr.
BN052534
690310-0900 Reitir VII ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta innra fyrirkomulagi á salernum í einingu 230 í verslunarmiðstöð á lóð nr. 4-12 við Kringluna.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
36. Kringlan 4-12 (01.721.001) 107287 Mál nr.
BN052507
500400-2930 Rekstrarfélag Kringlunnar, Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta skráningartöflu matshluta 01 í verslunarmiðstöð á lóð nr. 4-12 við Kringluna.
Bréf brunahönnuðar dags. 07.03.2017 fylgir erindi.
Stækkun: xx ferm., xx rúmm.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Skilyrt er að eignaskiptayfirlýsingu vegna breytinga í húsinu sé þinglýst til þess að samþykktin öðlist gildi.
37. Laugarnesvegur 74A (01.346.016) 104069 Mál nr.
BN052419
190776-4689 Hörður Jóhannesson, Brúnavegur 5, 104 Reykjavík
190977-4989 Björn Arnar Hauksson, Singapúr, Sótt er um leyfi til að byggja skjólvegg á lóðamörkum að húsi nr. 74, koma fyrir glugga og hurð á suðurhlíð, byggja skábraut fyrir aðgengi hreyfihamlaðra á norðurhlíð og til að nýta hluta lóðar sem útveitingasvæði við veitingastað í flokki II á lóð nr. 74A við Laugarnesveg.
Lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. janúar 2017.
Gjald kr. 11.000

Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

38. Laugavegur 74 (01.174.207) 101610 Mál nr.
BN052550
690402-5720 Laug ehf., Pósthólf 8814, 128 Reykjavík
Sótt er um breytingu á áður samþykktu erindi BN052035 sem felst í því að vatnsúðakerfi í veitingasal er fellt út í húsi á lóð nr. 74 við Laugaveg.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda eldvarnareftirlits á umsóknarblaði.
39. Lindargata 50 (01.153.201) 101098 Mál nr.
BN052414
660109-1370 101 Skuggi ehf., Brautarlandi 12, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að gera 1 bílastæði á lóð og fjarlægja bílastæði á borgarlandi við innkeyrslu við hús á lóð nr. 50 við Lindargötu.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 17. mars 2017 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. mars 2017.
Gjald kr. 11.000
Synjað.
Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 17. mars 2017.
40. Lækjartorg 1 (01.140.309) 100842 Mál nr.
BN052358
690981-0259 Ríkiseignir, Borgartúni 7, 150 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að endurgera þakkant og létta útveggi á inndreginni þakhæð, skipta út gluggum, endurnýja svalahandrið og svalgólf og breyta lítils háttar innra skipulagi á 2. hæð í húsi Héraðsdóms Reykjavíkur á lóð nr. 1 við Lækjartorg.
Bréf hönnuðar dags. 7. febrúar 2017 og umsögn Minjastofnunar Íslands. dags. 20. febrúar 2017 fylgja erindi.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
41. Skipasund 12 (01.355.108) 104335 Mál nr.
BN052529
300191-2589 Helga Ásta Ólafsdóttir, Skipasund 12, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að koma fyrir þremur þakgluggum og tveimur svalagluggum, breyta innra skipulagi á 2. hæð með því að opna á milli stofu og eldhúss ásamt því að opna loft yfir stofu upp í þakrými í húsinu á lóð nr. 12 við Skipasund.
Umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 15. mars. 2017 fylgir erindi.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
42. Skólavörðustígur 2 (01.171.202) 101383 Mál nr.
BN052154
300182-5779 Sveinn Rafn Eiðsson, Frostaskjól 43, 107 Reykjavík
Sótt er um samþykki fyrir áður gerðum breytingum sem felast í tilfærslum í innri skipan íbúðar í rishæð á húsi á lóð nr. 2 við Skólavörðustíg.
Gjald kr. 10.100
Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

43. Skólavörðustígur 22A (01.181.204) 101758 Mál nr.
BN052518
460608-0150 Babalú ehf, Skólavörðustíg 22a, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að fjarlægja timbursvalir og byggja einnar hæðar viðbyggingu sem hýsa á eldhús núverandi veitingastaðar með svölum ofan á þaki í húsi á lóð nr. 22A við Skólavörðustíg.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
44. Skólavörðustígur 43 (01.182.314) 101911 Mál nr.
BN052502
711003-2070 Prikið ehf, Bankastræti 12, 101 Reykjavík
700410-1450 Reykjavík Rent ehf, Hverfisgötu 105, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta íbúð í verslunarrými í mhl. 01 á lóð nr. 43 við Skólavörðustíg.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
45. Stýrimannastígur 8 (01.135.210) 100459 Mál nr.
BN052049
140679-5189 Valerie Christine Bönström, Þýskaland, 641189-1629 Hlaðir eignarhaldsfélag ehf., Sómatúni 6, 600 Akureyri
Sótt er um leyfi til breyta innra skipulagi, innréttu bað og setustofu í kjallara, færa eldhús á 1. hæð og breyta fyrirkomulagi í risi, einnig að breyta inngangi í kjallara, byggja timburverönd á vesturhlið, gera tvöfalda hurð þar út úr einbýlishúsi á lóð nr. 8 við Stýrimannastíg.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 6. janúar 2017 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. janúar 2017.
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 4. október 2016.
Erindið var grenndarkynnt 9. febrúar til og með 9. mars 2017. Engar athugasemdir bárust.
